



Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.
Sb. 1671 Hallgrímur Pétursson

BLESSUN

EFTIRSPIL

Air
Bach

Prestur: sr. Þóra Björg Sigurðardóttir
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Einsöngur: Bjarni Atlason
Söngur: Karmmerkór Akraneskirkju
Útfararþjónusta Akraneskirkju

*Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð og
vinarhug og býður viðstöddum að þiggja
veitingar í Vinaminni að athöfn lokinni*



Hörður Ragnarsson

Fæddur 14. maí 1949
Dáinn 7. september 2021



Útför frá Akraneskirkju
fimmtudaginn 16. september

FORSPIL

Gottes Zeit ist die allerbeste Zeit
J.S. Bach

BÆN

Ó, undur lífs, er á um skeið
að auðnast þeim, sem dauðans beið -
að finna gróa gras við il
og gleði' í hjarta vera til.
Hve björt og óvænt skuggaskil!

Ei sá ég fyrr þau skil svo skýr.
Mér skilst, hve lífsins gjöf er dýr
- að mega fagna fleygri tíð
við fuglasöng í morgunhlíð
og tíbra ljóss um loftin víð.

Og gamaltroðna gatan mín
í geislaljóma nýjum skín.
Ég lýt að blómi í lágum reit
og les þar tákn og fyrirheit
þess dags, er ekkert auga leit.

Ég svara, Drottinn, þökk sé þér!
Af þínu ljósi skugginn er
vor veröld öll, vort verk, vor þrá
að vinna þér til lofs sem má
þá stund, er fögur hverfur hjá.

Þorsteinn Valdimarsson - Jakob Hallgrímsson

RITNINGARORÐ

Vertu, Guð faðir, faðir minn,
í frelsarans Jesú nafni,
hönd þín leiði mig út og inn,
svo allri synd ég hafni.

Höndin þín, Drottinn, hlífi mér,
þá heims ég aðstoð missi,
en nær sem þú mig hirtir hér,
hönd þína' eg glaður kyssi.

Dauðans stríð af þín heilög hönd
hjálp mér vel að þreyja,
meðtak þá, faðir, mína önd,
mun ég svo glaður deyjja.

Minn Jesús, andlátsorðið þitt
í mínu hjarta' eg geymi,
sé það og líka síðast mitt,
þá sofna' eg burt úr heimi.

Hallgrímur Pétursson

GUÐSPJALL

EINSÖNGUR

Minn bátur

Björn Eidsvåg - Halldór Hallgrímsson

MINNINGARORÐ

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylunn vindar leiða.
Draumalandið himinheiða
hlær - og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin.
Mundu, að það er stutt hver stundin,
stopult jarðneskt yndi þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Allt hið liðna er ljúft að geyma
láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma,
segðu engum manni hitt!
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt.

Valgeir Guðjónsson - Jóhannes úr Kötlum

BÆN OG FAÐIR VOR

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlægt endar skjótt.

Dauðinn má svo með sanni
samlikjast, þykir mér,
slyngum þeim sláttumanni,
er slær allt, hvað fyrir er:
grösin og jurtir grænar,
glóandi blómstrið frítt,
reyr, stór sem rósir vænar
reiknar hann jafnfánýtt.

Ég veit, minn ljúfur lifir
lausnarinn himnum á,
hann ræður öllu yfir,
einn heitir Jesús sá,
sigrarinn dauðans sanni
sjálfur á krossi dó
og mér svo aukum manni
eilíft líf víst til bjó.

Sb. 1671 Hallgrímur Pétursson

MOLDUN